



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Eldritið fyrir miðstig

Umritun á Eldriti séra Jóns Steingrímssonar ásamt
verkefnasafni

S.B. Hrútur Teitsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2022

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Eldritið fyrir miðstig

Umritun á Eldriti séra Jóns Steingrímssonar ásamt verkefnasafni

S.B. Hrútur Teitsson

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar

Leiðbeinandi: Arngrímur Vídalín, Aðjunkt

Deild faggreinakenndu

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Eldritið fyrir miðstig: umritun á Eldriti séra Jóns Steingrímssonar
ásamt verkefnasafni

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar við Deild
faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2022 S.B. Hrútur Teitsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þetta er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed- gráðu á sviði grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar við Háskóla Íslands. Verkefnið skiptist í greinargerð og tvo viðauka. Fyrri viðaukinn er verkefnasafn gert fyrir miðstignemendur grunnskóla til stuðnings við lestur síðari viðaukans sem er umritun á Eldriti séra Jón Steingrímssonar. Greinargerðin fjallar um fræðilegan rökstuðning fyrir umrituninni með vísan í aðalnámskrá. Einnig eru verkefnin greind út frá þeim kennsluaðferðum sem þau eru byggð á. Bókmenntir eru mikilvægur þáttur í menntun, ekki bara við eflingu læsis, heldur gefa þær nemendum líka tækifæri á að sjá heiminn á annan hátt heldur en þau gera venjulega. Eldritið fjallar um Skaftárelda sem hófust 1783. Atburðurinn hafði mikil áhrif á íslenskt samfélag en um 20% þjóðarinnar missti lífið. Með því að kenna það fá nemendur tækifæri til að sjá í hugarheim 18. aldar manns sem horfir á stoðir samfélagsins í kringum sig bresta og viðbrögð hans við því.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Skaftáreldar	8
2.1 Jón Steingrímsson.....	8
2.2 Eldritið.....	8
2.3 Erindi <i>Eldritsins</i> við nútímann.....	9
3 Bókmenntir í kennslu	10
4 Aðalnámskrá	11
4.1 Lykilhæfni	11
4.2 Íslenska	11
4.3 Náttúrugreinar.....	12
4.4 Samfélagsgreinar	12
5 Kennsluaðferðir verkefnanna	14
5.1 Umræðu- og spurnaraðferðir	14
5.2 Leiklist sem kennsluaðferð	16
5.3 Leitaraðferðir.....	17
5.4 Innlifunaraðferðir og tjáning	18
5.5 Einn – fleiri – allir	18
5.6 Verklegar æfingar	19
6 Niðurstöður	20
7 Lokaorð	21
Heimildaskrá	22
Viðauki A: Verkefnasafn	23
Viðauki B: Eldritið fyrir miðstig	42

Formáli

Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði við kennslu á *Snorra sögu*, en ég kenni samfélags- og náttúrugreinar í 6. og 7. bekk. Mér finnast bókmenntir skemmtileg leið til að gefa nemendum innsýn í hugarheim fólks á öldum áður og mér fannst vanta eitthvað efni þar sem bókmenntir nýaldar væru nýttar. Áður en ég hóf nám á Menntavísindasviði stundaði ég nám í íslensku og kynntist þar bókmenntum fyrri alda lítillega. Eftir það hefur *Eldritið* alltaf setið í mér svo ég ákvað að ráðast í að gera námsefni úr því.

Ég vil nýta tækifærið hér og þakka öllum þeim sem studdu mig og hjálpuðu mér í gegnum þetta ferli. Ber þar helst að nefna Heiði Dögg Vilhjálmisdóttur fyrir hvatningu og stuðning, Almar Stein Atlason fyrir ábendingar og yfirlestur á *Eldritinu*, Birgittu Guðmundsdóttur og Ingvar Pálmarssyni fyrir óendanlegan stuðning og aðstoð. Síðast en ekki síst vil ég þakka mömmu fyrir að vera mamma.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvændni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Eskifirði, maí 2022

S.B. Hrútur Teitsson

1 Inngangur

Þessi greinargerð er skrifuð til þess að gera grein fyrir tilgangi þessa kennsluefnis fyrir miðstignemendur grunnskóla, ásamt því að tilgangur og markmið verkefnanna sem fylgja lesefninu eru skýrð.

Eins og segir í titli þessarar greinargerðar er meðfylgjandi umritun á *Eldritinu* ætluð miðstigi, nánar tiltekið 7. bekk. Nemendur í 7. bekk hafa yfirleitt lítið kynnst textum fyrri alda. Þó má nefna hér *Snorra sögu* sem er skáldsaga eftir Þórarin Eldjárn, byggð á ævi Snorra Sturlusonar, sem víða er kennd á miðstigi. Hugmyndin að umritun á *Eldritinu* kviknaði einmitt við kennslu á *Snorra sögu*. Mér fannst vanta bókmenntatexta frá nýöld sem væri aðgengilegur fyrir nemendur grunnskóla. *Snorra saga* er eins og áður segir skáldsaga og á því lítið skylt við texta fyrri alda. Í þessari umritun er upprunalega textanum að mestu leyti fylgt þó að skautað sé yfir vissa þætti sem ekki þótti mikilvægt að koma á framfæri, svo að hægt væri að koma í veg fyrir miklar endurtekningar og halda góðu flæði í sögunni.

Verkefnasafnið sem fylgir með er unnið að fyrirmynd verkefnasafns sem fylgir með *Snorra sögu*. Verkefnin eru öll samin af mér að undanskildu vindhraðamælisverkefninu annars vegar og veðurathugunarverkefninu hins vegar, sem eru fengin frá samkennara mínum Guðmanni Þorvaldssyni. Þeim er þó breytt til þess að þau henti betur í samhengi við *Eldritið*.

Í upphafi þessarar greinargerðar verður gerð grein fyrir Skaftáreldum og *Eldriti séra* Jóns Steingrímssonar, ásamt því að fjallað er um Jón sjálfan og tilveru hans sem prests á tímum Upplýsingarinnar. Einnig er rætt hvaða erindi *Eldritið* á við nútímafólk. Því næst er fjallað um bókmenntir í kennslu og rök færð fyrir gildi þeirra, og í framhaldi af því er fjallað um aðalnámskrá og tengingum námsefnisins við hana.

Fjallað er um verkefnasafnið sem fylgir þessari greinargerð, kennsluaðferðirnar skýrðar og rök færð fyrir vali á þeim.

Í lokin eru niðurstöður dregnar saman og lokaorðin binda svo endi á greinargerðina.

2 Skaftáreldar

Skaftáreldar hófust 8. júní 1783 og stóðu til 7. febrúar 1784. Gosið er annað stærsta flæðibasaltgos frá landnámi. Skrif Jóns Steingrímssonar um það eru sérstök fyrir þær sakir að ekki hafði áður verið skrifað svona nákvæmlega um framgang goss, en þetta eru nákvæmstu heimildir sem eru til um flæðibasaltgos. Upphaf Skaftárelða er líka talið vera upphaf Móðuharðindanna, einna mestu náttúruhamfara Íslandssögunnar (Þorvaldur Þórðarson, 2014, 1. júlí). Í þessum náttúruhamförum dó yfir 60% búfénaðar á Íslandi og um það bil 10.000 manns eða um 20% af þjóðinni. Dánarorsakirnar voru vegna beinna áhrifa gossins, í vatnavöxtum eða að það varð fyrir hrauninu; einnig vegna flúoreitrunar, en síðast en ekki síst dó fólk úr hungri því ekki var nægur matur fyrir alla. Hraunið úr gosinu er um 15 km³ að umfangi (Hjalti Hugason, 2015, bls. 37-38).

2.1 Jón Steingrímsson

Jón Steingrímsson (1728-1791) „eldklerkur“ skrifaði *Fullkomið skrif um Síðueld* (1788), sem almennt er kallað *Eldritið*. Í því fjallar hann um Skaftárelða út frá sinni eigin upplifun. Í riti þessu sést vel hve tvær hliðar Jóns sameinast: það er vísindasinnaði upplýsingarmaðurinn og heittrúaði presturinn. Vísindahyggjan kemur fram í því að hann skráir niður nákvæmlega veður meðan á gosinu stendur, ásamt því að skrá allan framgang hraunsins. Trúmaðurinn kemur fram í því að hann lofar drottin fyrir öll hans verk, en samkvæmt Jóni framkallaði guð gosið til þess að refsa sveitungum sínum fyrir að vera orðnir of vandlátir á mat og að borga ekki tíundina sína á réttan máta. Þó svo að trú Jóns sé greinileg í gegnum allt verkið þá mætti segja að hún nái einhverju hámarki í eldmessunni, þegar hann biður guð um að vernda kirkjuna frá hrauninu (Sveinn Yngvi Egilsson, 2021, bls. 425).

2.2 Eldritið

Eldritið hefur menningarlegt gildi og áhrifa þess gætir víða, en það hefur haldið nafni Jóns lifandi. Árið 2010 skrifaði Ófeigur Sigurðsson heimildaskáldsögu sem er byggð á ævisögu Jóns. Bók Ófeigs, *Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur og undirbjó komu hennar & nýrra tíma*, fjallar um ferð hans yfir Kjöl til Mýrdals þar sem Jón settist að um tíma. Árið 2013 setti Möguleikhúsið upp einleikinn *Eldklerkurinn* eftir Pétur Eggerz, en hann byggir verkið á endursögn af riti Jóns um Síðueld (Hjalti Hugason, 2014). Tveimur árum síðar setti Möguleikhúsið upp annað verk eftir Pétur um Skaftáreld. Í þetta skiptið var það barnaleikritið *Eldbarnið*. Í því verki er sagan sögð frá sjónarhóli nútímastúlku, en hún átti að vera langalangalangalangömmubarn Sólveigar sem var barn að aldri. Sólveig upplifði Skaftárelða og er sagan sögð þegar hún er á flóttu með

móður sinni. Þær eru viðstaddar eldmessuna þegar Jón á að hafa stöðvað hraunið (Arngrímur Vídalín, 2015, bls. 46).

2.3 Erindi *Eldritsins* við nútímann

Samkvæmt skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018 auka loftslagsbreytingar hættuna á náttúruhamförum, þar með talið eldgosum. Rýrnun jökla veldur aukinni kvikuframleiðslu sem eykur líkur á stórum eldgosum (Halldór Björnsson ofl., 2018, bls. 230). *Eldritið* gefur innsýn í einar mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar. Það gefur nemendum hugmynd um hvaða áhrif stórt eldgos hefur á umhverfi þeirra.

Hægt er að draga fram líkindi milli þeirra aðstæðna sem Jón telur fyrir Skaftáreldunum, það er drambsemi ríka fólksins í nærsveitum hans, og aukinni hættu á eldgosum í dag þar sem það stendur á ríka fólki samtímans að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar.

Eldritið er áhugaverð saga sem grípur fólk. Sagan af því þegar Jón stöðvar flæði hraunsins í eldmessunni hefur verið sögð margsinnis. Þegar ég heyrði hana fyrst sem barn velti ég fyrir mér hvort Jón væri galdramaður, aðrir munu halda því fram að þetta hafi verið vegna þess að hann hafi verið í svo góðum tengslum við guð, en líklegast hlýtur þó að vera að náttúran hafi spilað þar stórt hlutverk. Grunnskólanemendum dagsins í dag þykir þetta áhugavert líkt og fólki hefur þótt frá því að atburðurinn átti sér stað.

3 Bókmenntir í kennslu

Lestur bókmennta getur haft þroskandi áhrif á nemendur, en til þess að þær hafi þau áhrif þarf textinn að vera á máli sem nemendur skilja. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er menningararf íslensku þjóðarinnar að finna í mörgum formum, stór hluti hans er í bókum. Til þess að viðhalda þessum arfi er mikilvægt að þjóðin sé læs á bókmenntir fyrri alda. Með því að koma þeim textum yfir á auðskiljanlegt mál geta nemendur lesið þá og aukið vitund sína um sögu og menningu þjóðarinnar á þroskandi hátt. Bókmenntakennsla er tækifæri til þess að takast á við erfið viðfangsefni sem ekki er jafn auðvelt að takast á við í annarri kennslu. Lestur bókmennta gefur nemendum tækifæri til að öðlast samkennd með fólki, menningu og aðstæðum sem það þekkir ekki af eigin raun. (Kristján Jóhann Jónsson, 2016, bls. 68). *Fullkomið skrif um Síðueld* var skrifað árið 1788 og er því ekki á allra færi að skilja málfarið sem það er skrifað á, og ef fólk skilur ekki hvað er verið að segja nær það ekki að tengjast efninu. Á þeim forsendum meðal annars var ráðist í umritun á ritinu. Ef nýta ætti *Eldritið* í kennslu á miðstigi var óumflýjanlegt að koma textanum nær því máli sem nemendur tala og skilja.

Við lestur bókmennta fer nemandi í hálfgerðan þykjustuleik þar sem mörk hins raunverulega verða óljós og um stundarsakir virðist allt sem gerist í sögunni sem er lesin vera raunverulegt. Málið verður þó snúnara þegar lesinn er texti sem gefinn er út fyrir að vera sannur, en ýmsar vísbendingar eru um að ekki sé allt eins og það er gefið út fyrir að vera (Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 2020, bls. 25-26). Í *Íslenskri bókmenntasögu 1550-1950* líkir Erlendur Jónsson (1977, bls. 177) frásagnarstíl Þórbergs Þórðarsonar við stíl lærdómsaldarhöfunda og tekur þá Jón Steingrímsson sem dæmi. Þó svo að *Fullkomið skrif um Síðueld* sé að mestu leyti upptalning á atburðum Skaftárelda, þá eru þar atriði þar sem lesandi veltir fyrir sér hvort að Jón hafi tekið sér skáldaleyfi gagnvart, til þess að bæði fegra persónu sína og til þess að glæða frásögnina meira lífi.

Við val á lesefni fyrir nemendur í grunnskóla er mikilvægt að gæta að fjölbreytni til þess að nemendur fái að kynnast ýmsum bókmenntastefnum og ritstílum. Með því fær nemandinn forsendur til þess að velja sér lesefni á sjálfstæðan hátt, út frá eigin áhuga. Með tilkomu internetsins, sem nær allir hafa aðgang að og nær allir geta skrifað óritskoðan texta inn á, verður kunnátta nemenda í að greina texta með gagnrýnum huga mikilvægari. Það er því hlutverk skóla að nemendur fái æfingu í þeirri færni.

Lestur bókmennta er stór þáttur í því að auka færni nemenda í læsi. Í bókmenntum fá þeir tækifæri til þess að kynnast heimum sem þeir hefðu annars ekki aðgang að.

4 Aðalnámskrá

Aðalnámskrá grunnskóla var gefin út á árunum 2011 og 2013. Í þessari aðalnámskrá koma fyrst fram grunnþættir menntunar, sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, og loks sköpun. Allir þessir þættir eru tengdir, allir byggja þeir hver á öðrum. Lýðræði virkar ekki nema að læsi sé náð, heilbrigði og velferð verður ekki náð nema að mannréttindi séu tryggð, og svo framvegis. Grunnþættirnir byggja bæði á því að bæta samfélagið sem og einstaklinginn. Það er mikilvægt fyrir samfélagið að einstaklingarnir sem byggja það upp hafi gott læsi og séu meðvitaðir um viðfangsefnin sem grunnþættirnir snúa að (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 16-17).

4.1 Lykilhæfni

Greinasvið aðalnámskrár (2013) færir rök fyrir lykilhæfni með því að segja: „lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 86-87). Lykilhæfnin er flokkuð í fimm flokka. Fyrsti flokkurinn, tjáning og miðlun, snýr að því að gera nemendur hæfa um að tjá sig á skiljanlegan hátt og sníða tjáningu sína eftir tilefni. Annar flokkurinn er skapandi og gagnrýnin hugsun, sem snýst um að nemandi geti beitt gagnrýninni hugsun þegar kemur að því að meta eigin verk og verk annarra. Þriðji flokkurinn er sjálfstæði og samvinna, sem snýst um að nemandi geti unnið skipulega bæði í sjálfstæðri vinnu og í samstarfi við aðra, ásamt því að geta tekið uppbyggilegri leiðsögn á jákvæðan hátt. Fjórti flokkurinn er nýting miðla og upplýsinga, og snýst hann um að nemendur öðlist hæfni í að afla sér upplýsinga til að styðja við nám sitt og fá tilfinningu fyrir því hvaða form hentar til verkefnaskila hverju sinni; sem dæmi má nefna vefsíðugerð og hlaðvörp. Innan þessa flokks er að miklu leyti horft til nýtingar á tækni og ábyrgðar notkunar á henni. Síðasti flokkurinn er ábyrgð og mat á eigin námi, sem snýst um að nemandi átti sig á því hvar hann er staddur í námi sínu og geti með aðstoð skipulagt hver rökrétt næstu skref eru og fylgt þeim (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 86-90).

4.2 Íslenska

Greinasvið aðalnámskrár (2013) segir að nemendur sem hafa öðlast færni í íslensku séu mun betur til þess fallnir að ná árangri í námi og í lífinu almennt. Virk þátttaka í lýðræðissamfélagi byggist á því að allir þátttakendur búi yfir færni í málinu svo að eðlileg samskipti geti átt sér stað. Bæði er mikilvægt að nemendur öðlist færni í rituðu og töluðu máli. Þessir þættir eru

báðir mikilvægar boðskiptaleiðir, með þeim gefst tækifæri til þess að miðla og koma þekkingu á framfæri. Einnig bjóða þessir þættir nemendum upp á að sýna fram á sköpunarkraft sinn. Með því að þjálfa nemendur í að koma frá sér rituðu máli æfast þeir jafnframt í að koma skipulagi á hugsanir sínar. Bókmenntir eru mikilvægur þáttur í því að kenna íslensku. Við lestur bókmennta kemst nemandi inn í þjóðarsálina. Mikið af merkustu bókmenntum Íslendinga voru skrifaðar voru fyrir hundruðum ára og til þess að halda heiðri þeirra á lofti þurfa þær að vera aðgengilegar nútímafólki (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 96-99).

4.3 Náttúrugreinar

Í náttúrugreinahluta greinasviðs aðalnámskrár (2013) eru náttúrugreinar skilgreindar á þann hátt að eftirfarandi fræðigreinar tilheyri faginu: náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Í náttúrugreinum eiga nemendur bæði að skilja hvernig líkaminn virkar en þeir eiga líka að skilja hvernig umhverfið okkar virkar. Þeir eiga að komast í skilning um hvað það er sem kemur af stað náttúruferlum á borð við jarðskjálfta, eldgos og skriðuföll. Nemendur eiga líka að komast í skilning um samspil jarðfræðilegra ferla og lífríkis Íslands, og sömuleiðis eiga þeir að komast í skilning um áhrif mannsins á þessa þætti. Í aðalnámskrá er tekið fram að nemendur eigi að fá tækifæri til þess að fara á vettvang og rannsaka og upplifa náttúruna á sínum forsendum.

Í náttúrugreinakennslu þurfa nemendur að fá að kynnst því að þekking verður til á fleiri en einn hátt. Þar spilar einnig inn í upplifun einstaklingsins á umhverfi sínu, ímyndunarafi hans og sköpun, sem er einn af grunnþáttum menntunar. Mikilvægt er að nemendur læri að vísindaleg þekking er ekki algild, vísindi eru lifandi fræði þar sem sífelldu eru gerðar nýjar uppgötvanir sem breyta því hvernig fólk horfir á heiminn. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 167-168).

4.4 Samfélagsgreinar

Víðfeðmasta greinin sem skilgreind er í Greinasviði aðalnámskrár (2013) er samfélagsgreinar, en undir hana falla greinar á borð við sögu, landafræði, trúarbragðafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni og heimspeki.

Hæfniviðmiðin eru ekki flokkuð með tilliti til ofangreindra greina heldur eru þau greind niður í þrjá heima: reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Skólum er það í sjálfsvald sett hvernig þau telja réttast að deila þessum greinum niður, en þó er sú krafa gerð til þeirra að tekið sé tillit til allra hæfniviðmiða.

Menntagildi samfélagsgreina er víðfeðmt. Þó má segja að skilningur á samfélaginu og virkni þess sé það sem sameinar höfuðtilgang þeirra. Í samfélagsgreinum eiga nemendur að

fá verkfæri til þess að skilja sjálfa sig betur, hvernig þeir virka sem hluti af samfélagi og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélag sitt. Þeir eiga sömuleiðis að fá skilning á því hvað samfélag er og hvernig það byggist upp, hvaðan það kemur og hvert það er að fara. Nemendur eiga að kynna þeim hugmyndum sem mótað hafa heiminn sem við búum í. Nemendur eiga einnig að öðlast færni í að þroska sig og þau sambönd sem þeir eiga. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 bls. 194-195). Þessi markmið eru mörg hver býsna háleit og erfitt getur verið að meta hvort að nemandi hafi náð markmiðunum fyrir en eftir útskrift úr grunnskóla.

5 Kennsluaðferðir verkefnanna

Samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2013, bls. 12) „er kennsluaðferð skilgreind sem það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt.“ Þó svo að innan þessarar skilgreiningar sé ekki að finna nein tímamörk verður, rétt eins og í *Litrófi kennsluaðferðanna*, litið sem svo á að skilgreiningin eigi við um aðferð sem er beitt innan stakrar kennslustundar, þó að það gæti farið upp í nokkrar.

Við val á kennsluaðferðum er mikilvægt að kennari átti sig á því að þær eiga rætur sínar jafnt að rekja til ýmissa námssálarfræða og einnig námskráfræða. Það hefur áhrif á afraksturinn hvaða aðferð er beitt, og það fer eftir því að hverju er stefnt hvaða aðferð hentar hverju sinni. Ein aðferð getur hentað ákveðnu viðfangsefni mjög vel þegar aðrar koma efninu ekki eins vel til skila (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 45).

Í meðfylgjandi verkefnasafni er mikið notast við hópvinubrögð. Með þeim eru nemendur þjálfaðir í samvinnu þar sem þeir fá tækifæri til þess að skipta með sér verkum. Því geta nemendur falið sér það hlutverk í hópnum sem þeir eru sterkir í og þar með þroskað og bætt þá hæfileika sína (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 178). Einnig er reynt að horfa til samþættingar þeirra námsgreina sem áður var talað um: íslensku, náttúru- og samfélagsgreina (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 199).

5.1 Umræðu- og spurnaraðferðir

Umræðu- og spurnaraðferðir byggjast á því að kennari kemur af stað umræðu meðal nemenda um tiltekið viðfangsefni. Aðferðir af þessu tagi henta vel til þess að nemendur æfist í rökræðum og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir. Það er mikilvæg hæfni fyrir nemendur því þegar þeir fara út í lífið munu þeir vafalítið þurfa á færni í samræðum að halda, eins og til að mynda í félagsmálum eða jafnvel stjórnámum. Einn af grunnþáttum menntunar er lýðræði en lýðræði þrífst á samræðum (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 114).

Samræðuaðferðin, einnig kölluð stýrðar umræður, er eins og nafnið ber með sér umræðuaðferð sem er stýrt, en sú stjórn er oftast í höndum kennarans. Í upphafi samræðuaðferðarinnar er áhugi nemenda kveiktur á viðfangsefninu með svokallaðri kveikju. Kveikja getur verið af ýmsu tagi, hægt er að nota tónlist, vísanir í daglegt líf nemenda, einnig er hægt að nota myndbönd. Einu takmörkin að kveikjum liggja í hugmyndaflugi kennarans. Mikilvægt er að nemendur skilji hver tilgangur umræðunnar sé og átti sig á hvert viðfangsefnið er, annars er hætt við því að umræðan leiðist á villigötur.

Mikilvægt er að leggja skýrar reglur fyrir umræðurnar eins og til dæmis að ekki sé leyfilegt að grípa fram í, aðeins einn tali í einu, og að bera þurfi virðingu fyrir öðrum á meðan þeir tala og hlusta svo að nemendur geti brugðist við því sem sagt er.

Með samræðuaðferðinni er það kennarinn sem kastar fram spurningum eða nýtir aðrar aðferðir sem vekja umhugsun hjá nemendum. Kennari eflir nemendur til þess að tjá sig með því að fá þá til að rökstyðja mál sitt, hugsa viðfangsefnið frá öðrum sjónarhóli. Sömuleiðis þarf kennari að huga að því að draga sig í hlé og leyfa umræðum að flæða. Meti kennari sem svo að það sé heppilegt að gera hlé á umræðunni og skipta nemendum upp í smærri hópa er ekkert því til fyrirstöðu.

Að umræðunum loknum er mikilvægt að efni þeirra sé tekið saman svo að nemendur átti sig á tengingu umræðunnar við námsefnið, og að þau átti sig á því að þau hafi náð þeim markmiðum sem sett hafa verið. Margar leiðir eru til þess að nemandi skili af sér samantektinni, til dæmis má nefna að hann sendi kennaranum hljóðskilaboð eða myndband, en einnig er hægt að fara hefðbundnari leiðir og fá nemendur til að skrifa stutta ígrundun (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 115-117).

Þessi kennsluaðferð er sú algengasta í meðfylgjandi verkefnasafni. Ástæða þess er sú að í henni stjórnar kennarinn ferðinni. Það getur verið heppileg nálgun þegar kennari vill ná fram ákveðnum skilningi hjá nemendum en vill samt að þeir komist að þeirri niðurstöðu sjálfir. Sem dæmi má nefna umræðuverkefnið úr köflunum *Formáli og Undanfarar jarðeldsins*. Þetta eru fyrstu kaflar bókarinnar og má ætla að það séu nemendum mikil viðbrigði að sjá rætt um trú á þann hátt og er gert í þeim köflum. Þó svo að Jón sé prestur er mikilvægt að átta sig á því að viðhorf til trúar voru önnur á 18. öld heldur en þau eru í dag. Annað verkefni úr þeim kafla fjallar um hvort að Jón sé endilega alltaf að segja sannleikann þó svo að hann haldi því fram. Í upphafi bókarinnar er nemendum kynnt að þessi bók fjalli um sanna atburði en strax í fyrstu köflunum er talað um atburði sem erfitt er að trúa að eigi sér endilega stað í raunveruleikanum. Í þessum umræðum er hugsunin að nemendur velti fyrir sér hvort að sögumaður sé alltaf að segja satt eða hvort yfirnáttúrulegir hlutir geti í raun átt sér stað.

Samtalsaðferðarverkefni sem eru notuð í verkefnasafninu eiga það sammerkt að markmiðið með þeim er að fá nemendur til þess að velta fyrir sér þeim samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað á þeim árum sem liðin eru frá atburðum bókarinnar. Í verkefni kaflans *Önnur vikan; gosið óx* er komið inn á málefni hinsegin fólks og stöðu þeirra í samfélaginu á þeim tíma sem bókin fjallar um. Verkefnið sem fylgir kaflanum Samfélagið grær, sem er síðasti kafli, er aðferðin notuð til þess að fá nemendur til þess að ræða bókina og hvað þeim fannst um hana.

Önnur umræðuaðferð heitir Á öndverðum meiði. Þegar hún er notuð er mikilvægt að nemendur sitji í hring og að tveir auðir stólar séu í honum miðjum, andspænis hvor öðrum. Þegar lítil reynsla er á þessari aðferð meðal nemenda lætur best á því að kennari byrji í miðjunni og flytji mál sitt, það er að hann færi rök fyrir því sem umræðan á að snúast um. Því næst fær hann sjálfboðaliða til að setjast í sætið á móti sér og þeir rökræða um stund. Kennarinn stendur síðan upp og þá á annar nemandi að setjast í auða stólinn og rökræða gegn þeim sem eftir er og þannig heldur það áfram.

Með þessari aðferð, líkt og með samræðuaðferðinni, er mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir þeim sem hefur orðið og grípi ekki fram í. Kennari verður að gera nemendum það skýrt að aðeins þeir sem sitja í stólunum megi tala og vilji þeir fá orðið verði þeir að grípa tækifærið þegar stóllinn er laus.

Að umræðum loknum þurfa nemendur að vinna samantekt, hún getur verið unnin á sama máta og talað var um í samræðuaðferðinni (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 120)

Verkefni kaflans *Eldmessan* er á þessu formi. Viðfangsefni þess verkefnis er að nemendur myndi sér skoðun á því hvort að Jón hafi stöðvað flæði hraunsins. Þar eru tveir pólar sem takast á, annað hvort eru nemendur sammála þeirri sýn að Jón hafi stöðvað flæðið eða ekki. Þessi aðferð býður upp á að nemendur myndi sér skoðun og komi henni á framfæri og æfi sig þar með í að færa rök fyrir máli sínu.

5.2 Leiklist sem kennsluaðferð

Leiklist í kennslu er hægt að nota í mörgum námsgreinum grunnskóla. Leikræn tjáning er nýtt til þess að dýpka skilning nemenda á námsefninu. Með því að nota leiklist sem kennsluaðferð fá nemendur tækifæri til þess að sjá tilfinningar sínar, skoðanir og sjálfa sig í öðru ljósi. Með því að setja sig í ímyndaðar aðstæður, sem eru aðlagðar eftir námsefninu hverju sinni, fá þeir tækifæri til þess að takast á við vandamál út frá öðrum sjónarhornum en gefast í annarri kennslu (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2006, bls. 6-9)

Kyrrmyndir eru einföld útgáfa af hlutverkaleik þar sem nemendum er skipt í hópa. Nemendum eru gefnar upp aðstæður, þeim er gefinn tími til þess að skipta með sér hlutverkum, og að því loknu er einn og einn hópur kallaður fyrir og þau stilla sér upp í kyrrmyndir. Kennarinn gengur svo á milli nemendanna sem hafa stillt sér upp og spyr hvern og einn spurninga á borð við „hver ertu?“ og „hvað ertu að gera?“ Síðan má laga spurningarnar að aðstæðum.

Kyrrmyndaðferðin hentar vel þegar það er verið að takast á við aðstæður þar sem mikil ringulreið fylgir, ef að til að mynda spuni væri nýttur í þess háttar verkefnum má leiða líkur að því að kennari myndi missa stjórn á aðstæðum (Anna Jeppesen og Ása Helga

Ragnarsdóttir, 2006, bls. 24-25). Það var á þeim forsendum sem þessi aðferð var valin í verkefnið sem fylgir kaflanum *Tíminn leið; gosið hélt áfram*. Þar eiga nemendur að setja sig í spor fólks sem þarf að flýja heimili sín vegna þess að eldgosíð er farið að ógna lífi þess. Við þær aðstæður má gera sér í hugarlund að gæti myndast mikil óreiða. Með þessari aðferð fá nemendur tækifæri til þess að lýsa hvað þeir telji að eigi sér stað án þess að kennslustundin fari úr böndunum.

Kennsluaðferðin Kastljós byggist á því að einn nemandi er í brennidepli og situr fyrir svörum samnemenda sinna og kennara. Nemandinn sem situr fyrir svörum situr í stól andspænis spurlunum og setur sig í hlutverk sem er fyrirfram ákveðið. Þegar einn nemandi hefur verið í kastljósinu í svoltinn tíma má skipta um aðila í sætinu og næsti nemandi setur sig í sama hlutverk og hinn fyrri eða jafnvel í eitthvað annað hlutverk sem tengist sömu aðstæðum, en gæti haft annað sjónarhorn á þær.

Það sama gildir þegar þessi aðferð er notuð og með aðrar aðferðir þegar umræður eiga sér stað, það þarf að ríkja virðing í garð þess sem hefur orðið, allir nemendur þurfa að fylgjast með og vera tilbúnir til þess að spyrja (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2006, bls. 28).

Þessi aðferð býður nemendum upp á að setja sig í spor sögumannsins í sögunni sem þau eru að lesa, með því að nemandi setjist í kastljósið fær hann tækifæri til þess að sýna fram á þekkingu sína á framvindu sögunnar. Nemendur sem spyrja spurninga hafa tækifæri til þess með því að spyrja spurninga sem snúa að eldgosinu og upplifun Jóns af því.

Nemendum er skipað í fjögurra manna hópa. Bekkurinn myndar stóran hring utan um tvo stóla sem standa andspænis hvorum öðum í honum miðjum. Tveir nemendur setjast í stólana og hinir tveir standa fyrir aftan. Nemendurnir sem sitja eiga að tala saman í verkefninu sem fylgir kaflanum *Gosið óx; önnur vikan* eiga þeir að vera í hlutverki hjóna sem eru að ákveða hvort þau eigi að flýja heimili sitt vegna gossins. Nemendurnir sem standa fyrir aftan þá sem sitja eiga að túlka hugsanir þeirra sem sitja. Verkefni af þessu tagi geta verið mjög skemmtileg og mismunandi sjónarmið geta komið fram. Með því að leggja þetta verkefni fyrir er nemendum verið að sýna fram á að í samskiptum er ekki endilega allt látið flakka sem fólk hugsar (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2006, bls. 32).

5.3 Leitaraðferðir

Þegar leitaraðferðum er beitt setja nemendur sig í spor vísindamanna og fara í sjálfstæða heimildavinnu til þess að afla sér upplýsinga og beita þar vísindalegum aðferðum og úrvinnsluaðferðum. Þar er verkferlinu skipt upp í fimm mismunandi þætti sem mikilvægt er að nemendur fylgi, en þeir eru eftirfarandi: viðfangsefnið skilgreint, og í þeim verkefnum sem

hér fylgja er það einmitt reyndin. Í verkefni kaflans *Gosið hófst; fyrsta vikan* eru nemendur beðnir um að finna uppruna þeirra mælieininga sem notast er við í dag og hvað skilgreinir þær. Í verkefni sem er sameiginlegt með þeim köflum sem bera yfirheitið *Eftirmálar* hafa nemendur öllu frjálsari hendur, þar geta þeir valið milli nokkurra viðfangsefna sem snúa bæði að eldgosum sem hafa verið á þessari eða síðustu öld eða að þeir velji um að kynna sér Skaftárelda betur. Þegar viðfangsefnið hefur verið skilgreint þurfa nemendur setja fram tilgátur um svar. Þegar tilgátan er komin fer athugun eða könnun fram. Næsta skref er að greina niðurstöður rannsóknar nemenda. Síðast en ekki síst eru ályktanir dregnar af niðurstöðunum. Hópvinnuaðferðir eru oft notaðar við þessa vinnu. Það er reyndin í þeim verkefnum sem sett eru upp í meðfylgjandi verkefnasafni. Gildi leitaraðferða er að virkja nemendur og þjálfar þá í rökhusun. Þessi aðferð hentar í flestum námsgreinum grunnskóla.

Vinnubrögð af því tagi sem hér er lýst efla sjálfstæði nemenda í upplýsingaöflun. Einnig fá þeir reynslu í að rýna í gögn og heimildir (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 157-158 og 167).

5.4 Innlifunaraðferðir og tjáning

Þær aðferðir sem tilheyra þessum flokki snúa allar að því að nemendur lifi sig inn í aðstæður, hvort sem þeir þekki þær af eigin raun eða ekki (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 122).

Í verkefninu sem fylgir kaflanum *Áhrif gossins; þriðja vikan* eru nemendur fengnir til þess að setja sig í spor flóttamanna sem eru að flýja eldgos með því að skrifa tíu vélritaðar línur. Í þessu verkefni er reynt að fá hugarflug nemenda af stað.

Myndræn tjáning er annað form af tjáningaraðferð sem Ingvar lýsir í bók sinni og er sú aðferð nýtt í verkefninu sem fylgir köflunum *Eldur í Síðu, Vont en það venst, Kálfafellskirkja* og *Fnykurinn*. Þar eiga nemendur að gera sér í hugarlund að náttúruhamfarir dynji á heimabyggð þeirra, teikna upp aðstæður og lýsa í rituðu máli áhrifunum sem þau telja að það myndi hafa á lífið á svæðinu (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 135-136).

5.5 Einn – fleiri – allir

Nafn þessarar kennsluáðferðar er mjög lýsandi, hún er notuð í verkefni kaflans *Hinar hraunkvíslarnar*. Verkefnið er þannig sett upp að kennari ræðir við nemendur um ákvörðun Jóns að vera áfram og hvort þau hefðu gert það sama í hans sporum, nemendur velja því fyrir sér einir með sjálfum sér. Því næst fara þeir í hópa þar sem hópurinn ræðir niðurstöður einstaklinganna og myndar sér skoðun. Gott getur verið fyrir nemendur að rita hjá sér minnispunkta á þessu stigi málsins. Loks kynna nemendur niðurstöður sínar fyrir bekknum, og í framhaldi af því skapast umræður sem kennari stjórnar (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 184).

5.6 Verklegar æfingar

Verklegar æfingar eru stór þáttur ýmissa námsgreina, og ber þar ekki síst að nefna list- og verkgreinar. Kennsluaðferðin er þó ekki bundin við þær greinar. Í náttúrugreinum og samfélagsgreinum koma þær að góðu gagni til þess að nemendur fái betri tilfinningu fyrir viðfangsefnunum.

Þegar verklegar æfingar eru unnar er mikilvægt að nemendum sé ljós tilgangur æfingarinnar, hvernig hún tengist námi hans og hver ávinningurinn sé. Verkefnið þarf að vera vel skipulagt svo að það skili þeim árangri sem ætlast er til. Kennari þarf að nálgast efnið af virðingu og ábyrgð (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 109-110).

Í verkefnasafninu eru tvær æfingar sem flokkaðar eru sem verklegar æfingar. Þær eru báðar gegnumgangandi um alla bókina. Það fyrri er kortagerðarverkefni. Það er unnið með aðstoð kennarans og landakortabóka ásamt vefsíðu sem sýnir þróun hraunsins. Í þessu tekur allur bekkurinn þátt. Hitt verkefnið snýst um að búa til vindhraðamæli og mæla vindhraða þá daga sem unnið er í bókinni og færa í skýrslu

6 Niðurstöður

Hér hefur verið farið yfir forsendur þess að kenna bókmenntir sem ritaðar voru á öldum áður í grunnskóla. Einnig hefur verið farið yfir forsendur fyrir vali á kennsluaðferðum í meðfylgjandi verkefnasafni.

Forsendurnar sem dregnar voru fram fyrir þessari umritun voru þær að bókmenntir hjálpa nemendum við að auka læsi sitt, dýpka skilning þeirra á samfélaginu sem við búum í og af hvaða rótum það er sprottið. Ástæður þess að *Eldritið* er vel til þessa fallið er að það snertir á fleiri námsgreinum en bara íslensku. Í því má finna tengingar bæði við náttúrugreinar sem og samfélagsgreinar og býður það því upp á samþættingu sem síðan má sjá í verkefnasafninu. Þar byggja verkefni öll á því að nemandi hafi lesið þá kafla sem liggja fyrir og í framhaldinu vinna úr honum verkefni sem annað hvort snúa að náttúrugreinum eða samfélagsgreinum eða báðum í einu. Horft var til lykilhæfni aðalnámskrár þar sem nemendur þurfa bæði að sýna sjálfstæði og jafnframt þurfa þeir að geta unnið saman. Einnig þurfa þeir að afla sér heimilda.

Eldritið gefur einstaka innsýn inn í heim 18. aldar manns sem er að upplifa náttúruhamfarir, eitthvað sem hefur sýnt sig að getur enn þann dag í dag átt sér stað vegna loftslagsbreytinga.

Verkefni snúa mörg hver að því að efla rökhugsun nemenda. Það sýnir sig helst í umræðuverkefnum. Nemendur velta því einnig fyrir sér hvaða áhrif náttúruhamfarir gætu haft á þeirra heimabyggð og reyna fyrir sér í kortagerð. Bæði þessi verkefni auka skilning nemenda á umhverfinu.

Snert er á stöðu flóttamanna og hinsegin fólks í samfélaginu, en það eru sígild umræðuefni sem mikilvægt er að ræða í skólum.

7 Lokaorð

Séra Jón Steingrímsson skrifaði *Fullkomið skrif um Síðueld* árið 1788. Það er ein helsta og merkasta heimild um Skaftárelda. Skaftáreldar brunnu frá byrjun júní 1783 til febrúar 1784 en það var annað stærsta flæðibasaltgos frá landnámi. Áhrif gossins voru gífurleg fyrir íslenskt samfélag, en um 20% þjóðarinnar missti lífið.

Bókmenntakennsla er stór þáttur í íslenskum grunnskólum, hún eflir læsi og gefur nemendum aðra sýn á lífið.

Aðalnámskrá mótar kennsluhætti í skólum, í henni eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar og á þeim er byggt þegar lykilhæfni, sem ætlast er til að nemendur nái, er mótuð. Í aðalnámskrá er einnig að finna þær greinar sem ætlast er til að nemendur nái hæfni í í grunnskólum hér var fjallað um íslensku samfélags- og náttúrugreinar. Þessir þættir voru hafðir til hliðsjónar þegar ákveðið var að umrita Eldritið og semja verkefnasafn upp úr því.

Heimildaskrá

- Aðalheiður Guðmundsdóttir, Ármann Jakobsson, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Jón Yngvi Jóhannson, Margrét Eggertsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. (2021). *Íslenskar bókmenntir I-II*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir. (2006). *Leiklist í kennslu handbók fyrir kennara*. Menntamálastofnun.
- Arngímur Vidalín. (2015, 27. Febrúar). Eldgos, ævintýri og afturgöngur. *DV*, bls. 46.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. (2020). *Fræðaskjóða: Bókmenntafræði fyrir forvitna*. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands og Bókaútgáfan Sæmundur.
- Erlendur Jónsson. (1977). *Íslensk bókmenntasaga 1550-1950*. Bókagerðin Askur.
- Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. (2018). *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*. Veðurstofa Íslands.
- Hjalta Hugason. (2014, 21. maí). *Eldklerkurinn í sviðsljosinu*. Húgrás.
<https://hugas.is/2014/05/eldklerkurinn-i-svidsljosinu/>.
- Hjalta Hugason. (2015). Ritroð guðfræðistofnunar. „Honum sje eilíft lof og æra fyrir strítt og blítt“ Jón Steingrímsson og Skaftáreldar, *Ritroð Guðfræðistofnunar nr.41*.
<https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/issue/view/238>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna*. Iðnú.
- Jón Steingrímsson. (2010). *°Eldritið: „Þetta mitt einfalt eldskrif fyrst og fremst tileinkað guði til lofs og dýrðar“*. Eldvilji ehf.
- Mörður Árnason(ritstj.). (2002). *Íslensk orðabók, þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. Edda.
- Sveinn Yngvi Egilsson. (2021).Upplýsingaröldin. *Íslenskar bókmenntir I-II*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þorvaldur Þórðarson. (2014, 1. júlí). Hvernig nákvæmlega voru Skaftáreldarnir? Hvernig var aðdragandinn og hvernig fór þetta allt fram? Vísindavefurinn. Sótt af
<http://visindavefur.is/svar.php?id=22048>

Viðauki A: Verkefnasafn

Til kennara:

Þetta verkefnasafn er hugsað sem stuðningur við lestur *Eldritsins*. Verkefni eru lätin hanga við ákveðna kafla þó svo að sum verkefni séu ætluð nokkrum köflum í lokin eru svo verkefni sem unninn eru í gegnum allt ferlið. Annað þeirra er kortagerð hitt er veðurathugun, en þessi verkefni vinnur bekkurinn saman sem heild.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur markmið
Formáli og Undanfarar jarðeldsins	<p>Af hverju talar Jón svona mikið um guð?</p> <p>Í formálanum segir Jón að ekkert í þessu riti sé ýkt eða ósatt. Í næsta kafla talar hann um að lömb hafi fæðst með fuglasklær. Getur verið að þetta sé satt? Hvernig verða svona sögur til?</p> <p>Jón telur upp atriði sem hann taldi vera fyrirboða eldgossins. Getið þið nefnt dæmi um það sem fólk telur vera fyrirboða eldgosa í dag?</p>	<p>Taka þátt í umræðum. Kennari veltir spurningu upp, nemendur ræða sín á milli og svo talar allur bekkurinn saman. Næsta spurning er borin upp og sama ferli fer af stað.</p>	<p>Tveir og tveir tala saman og taka svo þátt í stýrðum umræðum bekkjarins.</p>	<p>Engin.</p>	<p>Fá nemendur til að velta fyrir sér hve stór þáttur trú var í lífi fólks á þessum tíma.</p> <p>Nemendur skilji hve afstæður sannleikurinn er og hvernig hann getur breyst á milli manna.</p> <p>Nemendur átti sig á hverjir fyrirboðar eldgosa eru.</p>

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Gosið hófst; fyrsta vikan	<p>Mælieiningin faðmur er notuð í þessum kafla. Af hverju er ekki talað um metra?</p> <p>Hvernig mælieiningar myndu nemendur búa til ef þau hefðu ekki neinar mælieingar?</p> <p>Hvenær fór fólk að nota þær mælieingar sem við styðjumst við í dag og hvað skilgreinir þær?</p>	<p>Stýrðar umræður sem nemendur taka þátt í.</p> <p>Nemendur nýta netið í leit upplýsinga um SI-einingakerfið og sögu þess.</p>	<p>Í umræðum eru allir saman.</p> <p>Í verkefnavinnu eru nemendur í þörum.</p>	<p>Engin.</p> <p>Tölvur eða spjaldtölvur.</p>	<p>Að nemendur skilji að SI-kerfið er ekki mjög gamalt og skilji uppsetningu þess.</p>

Kaflaheiti	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Gosið óx; önnur vikan	<p>Í upphafi kaflans segir Jón að fólk hafi verið farið að íhuga að flýja heimili sín. Hvað myndu nemendur gera ef þau byggju þarna og væru að velta þessu fyrir sér?</p> <p>Hvaða mynd dregur það upp um stöðu hinsegin</p>	<p>Leiklistaraðferðin innri raddir er notuð.</p> <p>„Nemendur eru í fjögurra manna hópum. Tveir setjast á stóla andspænis hvor öðrum en hinir tveir standa fyrir aftan þá. Þeir sem sitja tala saman en hinir tveir túlka hugsanir þeirra. (Anna Jeppesen og Ása Helga Raganarsdóttir, 2006, bls. 32)“ Í stólunum eru þau í hlutverkum hjóna sem eru að ákveða hvort þau eigi að flýja af heimili sínu.</p> <p>Nemendur eru virkir þátttakendur í stýrðri</p>	Fjórir nemendur leika í einu fyrir framan aðra nemendur sem horfa á.	Leiklist í kennslu bls 32.	Nemendur geti sett sig í spor annara og einnig þeirra sem lifa við aðra menningu en þeir sjálfir.

	<p>fólks í samfélagi þessara tíma þegar Jón talar um að guð hafi bundið enda á sambúð tveggja manna?</p> <p>Höfðu nemendur áttað sig á að hinsegin fólk hefði verið hluti af þessu samfélagi? Hvernig ætli lífið hafi verið fyrir hinsegin fólk þá?</p>	<p>umræðu um viðfangsefnið.</p>	<p>Allur bekkurinn.</p>	<p>hliðsjónar þar sem farið er í málefni hinsegin fólks á fyrri öldum.</p>	<p>Nemendur átti sig á stöðu hinsegin fólks í samfélaginu á árum áður.</p>
--	---	---------------------------------	-------------------------	--	--

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Árif gossins; þriðja vika	Hvað myndirðu taka með þér ef þú yrðir að flýja heimilið þitt í snatri vitandi að það væri að fara undir hraun? Væri það öðruvísi ef það væru ekki til bílar eins og staðan var á tímum Skaftárelda?	Nemendur skrifa samfelldan texta þar sem þau svara spurningunum og færa rök fyrir máli sínu. Textinn skal vera að minnsta kosti 10 vélritaðar línur.	Einstaklingsvinna.	Tölvur.	Nemendur æfist í að færa rök fyrir máli sínu í samfelldum texta.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Tíminn leið; gosið hélt áfram	<p>„Kyrrmyndir eru einfaldasta útfærslan á hlutverkaleik. Þar taka nemendur að sér hlutverk og stilla sér upp sem stytta eða kyrrmynd í ákveðnum tilgangi. Þessi aðferð hefur reynst mjög heilladrjúg og einföld (Anna Jeppesen og Ása Helga Raganarsdóttir, 2006, bls. 24).“</p> <p>Hér fær kennari nemendur til að setja sig í aðstæður fólks sem var á flótta undan hrauninu.</p> <p>Er fólk á flótta undan einhverju í heiminum í dag?</p>	<p>Nemendur fá stutta stund til þess að ákveða í hvaða hlutverkum hver og einn á að vera og stilla sér svo upp í kyrrmyndir og svara spurningum kennara.</p> <p>Nemendur taka þátt í stýrðum umræðum um málefni flóttamanna.</p>	<p>Hópar, a.m.k. þrjár í hóp.</p> <p>Allur bekkurinn</p>	<p>Leiklist í kennslu bls. 24</p> <p>Engin.</p>	<p>Nemendur geti sett sig í spor fólks á flótta.</p> <p>Nemendur átti sig á því að fólk býr við erfiðar aðstæður og margvíslegar ástæður geta verið fyrir því að fólk þarf að flýja heimili sín.</p>

	Hvað er líkt með þeirra aðstæðum og fólksins sem lesið er um í Eldritinu?				
--	---	--	--	--	--

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPULAG	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Landið breyttist	Hvað myndi gerast ef landslag í kringum skólann myndi taka skyndilegum breytingum, t.d. ef skriða rynni yfir tiltekið svæði, árfarvegir myndu breytast eða annað þvíumlíkt? (Mælt er með því að láta nemendur finna sjálfa upp á því sem gæti komið fyrir, en þessi dæmi eru nefnd til að gauka að humyndasnauðum nemendum.)	Nemendur teikna upp mögulegar aðstæður þar sem eitthvað í umhverfi þeirra gæti breyst og skrifa þar við hvaða áhrif það hefði á líf þeirra.	Þriggja manna hópar.	Efniviður í veggspjöld	Nemndur skila af sér veggspjöldum. Nemendur átti sig á hvaða áhrif landslag getur haft á umhverfi þeirra.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Eldmessen	<p>Stoppaði Jón flæði hraunsins með prédikun sinni?</p> <p>Kennari talar máli Jóns og færir rök fyrir því að hann hafi stoppað rennslið. Kennari fær nemendur til þess að rökræða um hvort að það geti verið.</p>	<p>Umræðuaðferðinni „Á öndverðum meiði“ er beitt sem er byggð þannig upp að nemendur raða sér í hring, inni hringnum eru tveir stólar kennari situr í öðrum stólum og flytur mál sitt. Hann fær sjálboðaliða til þess að setjast í stólinn til þess að færa rök gegn máli kennarans.</p> <p>Kennarinn stendur svo upp og hvetur aðra nemendur til þess að setjast í stólinn og taka þátt í umræðunum.</p>	Allir.	Engin.	Nemendur mynda sér skoðun á viðfangsefninu.
	<p>Af hverju ætli Jón leggi svona mikla áherslu á hvernig veðrið er hvern og einn dag?</p>	<p>Nemendur taka þátt í stýrðum umræðum og koma með eigin hugmyndir um ástæður.</p>	Allir.	Engin.	Nemendur átti sig á mikilvægi veðurathugana.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Hinar hraunkvíslarnar	Í kaflanum talar Jón um að hann hafi ákveðið ásamt klausturhaldaranum að vera eftir til þess að fylgjast með framgangi hraunsins þrátt fyrir að allir aðrir hafi ákveðið að flýja til þess að losna undan óþægindunum sem fylgdu eldgosinu og koma sér úr lífshættu. Af hverju ætli þeir hafi talið það svona mikilvægt að fylgjast með framgangi gossins?	Nemendur hefja vinnuna á að hugsa einir með sjálfum sé um af hverju Jóni hafi þótt þetta mikilvægt. Hvað hefðu þeir sjálfir gert? Því næst fara þeir í hópa sem velta því sama fyrir sér. Nemendur færa rök fyrir máli sínu og kynna svo niðurstöður fyrir bekknum.	Þriggja manna hópar.	Engin.	Nemendur geti myndað sér rökstudda skoðun um hvað þau myndu gera í þeim aðstæðum sem Jón var í og hvort þeim þyki mikilvægt að halda gögn um daglega þróun gossins.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Eldur í Síðu, Vont en það venst, Kalfafellskirkja og Fnykurinn	Þegar hraun rennur um heimabyggðina manns er lítið sem maður getur gert. Maður getur annað hvort fylgst með eða flúið. Við höfum áður unnið verkefni þar sem við flýjum. Nú skulum við gera okkur í hugarlund að við hefðum, líkt og Jón, ákveðið að verja um kyrrt og fylgjast með.	Skrifaðu eina blaðsíðu þar sem þú gerir þér í hugarlund að þú sért í aðstæðunum sem Jón er í í sögunni, nema í heimabyggðinni þinni. Þú getur notað ritstíl hans sem fyrirmynd eða gert það á þinn hátt.	Einstaklingsvinna.	Tölvur eða blað og blýantur.	Nemendur skili af sér skapandi skrifum. Nemendur geti gert sér í hugarlund hvað áhrif það hefði ef að heimabyggð þeirra færi undir hraun.

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	Bekkjarskipting	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Gosið dvínar	<p>„Kastljós</p> <p>Athyglin beinist að einum nemanda. Kennari fær nemanda til að taka að sér hlutverk persónu sem minnst er á í ferlinu eða í sögunni eða námsefninu sem verið er að fjalla um. Þetta má gjarnan vera hlutverk sem hefur óljósan tilgang eða hlutverk úr fortíðinni sem gott væri að fá nánari upplýsingar um. Kennari velur nemanda sem veldur því að vera miðpunktur (Anna Jeppesen og Ása Helga Raganarsdóttir, 2006, bls. 28).“</p> <p>Í þessu verkefni er Jón mættur í kastljós og bekkurinn spyr hann út í þær aðstæður sem myndast hafa í Síðunni.</p>	<p>„Aðferð: Nemandinn sest í stól fyrir framan hópinn. Hann situr fyrir svörum nemenda og kennara um þessa persónu og afstöðu hennar.</p> <p>Aðferðin getur varpað frekara ljósi á frásögn eða ástæður fyrir framvindu sögunnar. Á sama hátt getur kennari setið í kastljósi og nemendur spurt hann. (Anna Jeppesen og Ása Helga Raganarsdóttir, 2006, bls. 28)“</p>	Allur bekkurinn.	Leiklist í kennslu bls. 28	Nemendur geti gert sér grein fyrir hvernig lífið var fyrir Jón á meðan á eldsumbrotunum stóð.

	Mikilvægt að passa að aðeins einn spyrji í einu.				
--	--	--	--	--	--

Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Eftirmálar; allir kaflarnir	Nemendur kynna sér þessi gos og hvaða áhrif þau höfðu á samfélagið. Eldgos nær okkur í tíma, 1973 og síðar Heimaeyjargosið 1973 Kröflueldar 1975-1984 Grímsvötn 1996 Eyjafjallajökull 2010: Gosið á Reykjanesi 2021	Nemendur velja sér viðfangsefni, afla sér gagna á netinu og gera glærukynningu.	Nemendur vinna í hópum.	Nemendur finna gögn á netinu til að fá upplýsingar um þau gos sem þau velja	Nemendur kynna gosi nær þeim í tíma og átti sig á því að þetta gæti komið fyrir enn þann dag í dag.


Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Samfélagið grær	Umræðutími um bókina	Nemendur taka þátt í umræðum þar sem þau ræða hvað þeim þótti um bókina, hvort hún hafi breytt sýn þeirra á eldgos og hvort þau trúi því að allt sé satt sem skrifað var í bókinni.	Allur bekkurinn.	Engin.	Nemendur geti myndað sér rökstudda skoðun á bókinni.

	Viðfangsefni	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Öll bókin	<p>Þetta verkefni er unnið á meðan lestur Eldritsins stendur yfir.</p> <p>Reglulega í ferlinu er staldrað við og teiknað inn á kort sem nemendur hafa búið til með stuðningi kennara.</p> <p>Inn á kortið er dreifing hraunsins merkt inn ásamt bæjarnöfnum og kirkjustöðum einnig mætti setja inn önnur örnefni.</p> <p>Kjörið er að nota mismunandi liti og tákn fyrir mismunandi þætti kortsins.</p> <p>Eins er gagnlegt að nýta mismunandi liti fyrir mismunandi daga hraunrennslisins.</p>	<p>Nemendur merkja inn á kortið, með kortin sem kennari er með til hliðsjónar, og átta sig á hvar örnefni eiga að vera.</p>	<p>Fjórir nemendur vinna að þessu í einu. Nemendur skiptast á í gegnum ferlið.</p> <p>Í upphafi þarf þó að búa til grunnkort sem hluti bekkjarins gerir á meðan hinn hlutinn býr til vindhraðamælinn (sem er hluti af næsta verkefni).</p>	<p>Eldritið</p> <p>Maskínupappír</p> <p>Veggfesting</p> <p>Tússpennar</p> <p>Kort til að nota til viðmiðunar: https://www.mr.is/~gk/jfr/ordskyr/n/skaftareldar-a-h.htm https://jardfraedikort.ni.is/</p>	<p>Markmiðið með þessu verkefni er að nemendur átti sig á umhverfinu sem lýst er í bókinni og leið hraunsins yfir það.</p>

	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur/markmið
Öll bókin	Nemendur búa til vindhraðamæli. Tilvalið er að gera það í samstarfi við smíðakennara.	Skref 1: Saga ofan í miðjar þynnurnar og líma þær svo það myndist kross. Skref 2: Neglið nagla í miðjuna. Skref 3: Glösin eru fest á endann á þynnunum með teiknibólum. Passa þarf að festa þær vel. Eitt glasið er litað í áberandi lit svo að nemendur geti fylgst með því þegar tækið snýst. Skref 4: Borið gat í prikið svo að naglinn í miðjum krossinum komist þar ofan í. Nú er mælirinn tilbúinn. Til þess að vita hvað margir snúningar standa fyrir meter á sekúndu þarf að fara í bílferð. Meðfylgjandi er leiðbeiningablað þar sem kvörðunin er mæld.	Hluti bekkjarins vinnur þennan hluta á meðan hinn hópurinn býr til grunnkortið.	4 einnota plastglös Teiknibólur Tréþynnur Lím Nagli Prik Tússlitur	Nemendur skilji hvernig vindhraði er mældur. Nemendur skilji hvað metri á sekúndu þýðir.

Metrar á sekúndu	Km/klst	Snún/mín
0-0,2	0	
0,3-1,5	3	
1,6-3,3	9	
3,4-5,4	16	


Metrar á sekúndu	Km/klst	Snún/mín
5,5-7,9	22	
8,0-10,7	34	
10,8-13,8	44	
13,9-17,1	56	



Kafli	Viðfangsefni	Vinna nemenda	BekkjarSKIPulag	Efni og gögn	Afrakstur markmið
Öll bókin	Á meðan lestri bókarinnar stendur skulu nemendur gera veðurathuganir og nota til þess vindhraðamælinn sem þau bjuggu til í verkefninu hér að ofan.	Nemendur fara út og mæla vindhraðann og vindátt. Þegar búið er að lesa bókina skulu nemendur gera myndrit sem lýsir veðrinu á meðan lestrinum stóð. Með myndritinu skulu þau láta fylgja texta þar sem þau greina veðrið á tímabilinu.	Kjörið væri að láta umsjónarmenn hvernar viku sjá um þetta verkefni hverju sinni.	Vindhraðmælir. Meðfylgjandi útfyllingarblað.	Nemendur geti greint fyrirbyggandi gögn sem þau öfluðu sjálf.

Teiknaðu hér fyrir neðan lauslegt kort af heimabyggðinni þinni.

Merktu inn á það höfuðáttirnar eins og þær snúa á staðnum.



Staðurinn heitir:

Nú skaltu kanna vindáttina á staðnum.

Í reitinn sem samsvarar vindáttinni hvern dag skuluð þið skrifa metra á sekúndu þegar vindmælingin átti sér stað.

Dagsetnig	N	NA	A	SA	A	SV	V	NV

Viðauki B: Eldritið fyrir miðstig

Til nemenda:

Eldritið fjallar um eldgos sem er kallað Skaftáreldar. Það stóð frá júní 1783-febrúar 1984. 10% af íslensku þjóðinni missti lífið og yfir 60% af búfénaði vegna áhrifa gossins. Jón Steingrímsson var prestur í sveit sem heitir Síðusveit og er í nágrenni við þann stað sem gosið átti sér stað. Jón var í sveitinni allan þennan tíma og skrifaði hjá sér það sem gerðist hvern dag. Í þessari bók lesið þið það sem hann skrifaði umritað, þannig að þið ættuð að geta skilið allt sem kemur fyrir. Í þessari umritun verður stuðst við útgáfu Eldvilja ehf. (2010) af *Eldritinu* sem nánar er getið til um í heimildaskrá.

Eldritið

Eftir séra Jón Steingrímsson

Umritun:
Hrútur Teits

Formáli

Höfuðskepnurnar¹ eru fjórar: jörð, vatn, loft og eldur. Af þessum fjórum er eldurinn allra nýtsamlegastur. Hvernig ættum við annars að elda matinn okkar? Aftur á móti er hann líka lang hættulegastur. Ef maður fer ógætilega með eld getur það endað illa. Þegar menn hafa syndgað ítrekað hefur guð refsað fólki með því að brenna heilu borgirnar til grunna. Guð beitir til þess ýmsum aðferðum. Stundum fara **drykkjurútar**² svo óvarlega að það kviknar í. Stundum lætur hann jörðina spúa eldi innst úr iðrum sínum þannig að sveitabær, dýr og mannfólk brennur. Af þessu fara margar sögur en guð er góður og **þyrmir**³ þeim sem honum þykir hafa hagað sér vel.

Annálar⁴ fyrri alda sýna að guð hefur oft látið slíkt dynja yfir Íslandi. Hér á ég ekki síst við Vestur-Skaftafellssýslu en samkvæmt þeim annálum sem ég þekki til hefur hinn almáttugi guð látið marga jarðelda brenna hér. Þeir hafa haft mismikil áhrif en enginn jafn mikið og sá síðasti sem brann árið 1783. Áhrifanna gætti víðsvegar og voru þau ýmiss konar. Jarðskjálftar fundust víða og öskufallið náði enn víðar, en einnig eyðilögðust tún bænda, menn og dýr létu lífið í þúsunda tali. Skrif frá Grænlandi, Noregi og Danmörku sýna að áhrifanna gætti þar í loftinu, á himintunglum og á jörðu niðri. Í Noregi skemmdust tún bænda og andrúmsloftið var mengað.

Tveir aðrir hafa reynt að gera þessum jarðeldi skil í skrifum sínum en það voru ekki fullkomnar heimildir. Annar þeirra sá eldinn aldrei og skrifar því bara eftir fréttum sem honum höfðu borist, en hann var í háskóla í Kaupmannahöfn þegar atburðurinn átti sér stað. Hinn sem hefur skrifað um efnið skrifaði það ekki á íslensku. Þess vegna ætla ég, séra Jón Steingrímsson, að gera þessu almennileg skil í Eldriti þessu svo að atburðir þessir falli ekki í gleyskunnar dá. Í þessu riti verða engar ýkjur og ekkert ósatt sagt, þó mun ég sleppa ýmsu smálegu sem ekki er þörf á að útlista í riti sem þessu, annars

¹ Áður en fólk fann efnið sem heimurinn er gerður úr, hélt það að heimurinn væri búinn til úr þessum efnum.

² Manneskja sem drekkur mikið áfengi.

³ Hlífir, verndar.

⁴ Árbækur. Fyrr á öldum voru atburðir hvers árs skrifaðir í eina bók svo að fólk vissi hvað hefði gerst á árum áður. Þetta nýtist okkur enn í dag.

yrði þetta bara langt og leiðinlegt. Ef þið hafið eitthvað út á þetta rit að setja nenni ég ekki að hlusta á það.

Að lokum vil ég segja að það að eldrit þetta er fyrst og fremst tileinkað guði til lofs og dýrðar. Næst eru börnin mín, barnabörn og kærir vinir. Vil ég að elskulegir landar mínir fæddir og ófæddir af öllum stéttum sem lesa þetta rit öðlist mikinn fróðleik um skaparann og hans dásamlegu verk. Okkur er það öllum fyrir bestu að forðast reiðield guðs.

Undanfarar jarðeldsins

Árin áður en eldgosið hófst voru ýmsar vísbendingar sem gáfu Drottni almáttugum ástæður til að reiðast. Enn fremur voru margar vísbendingar um reiði hans. Sem dæmi má nefna að fólk var farið að vera **vandlát**⁵ á matinn sem það át. Það leit ekki við honum nema því allra gómsætasta og helst ekki nema það væri vel kryddað og feitt. Í Feðgakvísl í Meðallandi, nokkrum árum fyrir eldinn, sást hellingur af vatnaskrímslum. Í Steinsmýri voru eldhnettir sem lágu í hrúgum eins og **maurildi**⁶. Eldingu laust niður að Oddum í Meðallandi sem olli því að lamb eitt missti lífið. Einnig voru hér farnar að sjást pestarflugur dökkrauðar, gul- og svartröndóttar, sem voru á stærð við þumalfingerslið á fullorðnum karlmanni. Annars staðar var eins og hljóðfæri spiluðu og klukknahljómur dundi yfir, þrátt fyrir að vera fjarri kirkjum. Lömb og kálfar fæddust óvenjuleg í mun meiri mæli en áður. Á Hunkubökkum fæddist lamb með klær eins og fuglar eru oft með í staðinn fyrir klaufir. Menn gátu ekki skilið þetta á annan hátt en að guð væri að lýsa yfir reiði sinni. Níu daga í röð var hér úrhellisrigning. Þetta allt saman fékk mig til að hugsa og ég komst að þeirri niðurstöðu að einhver ósköp væru í vændum.

Gosið hófst; fyrsta vikan

Þann 8. júní árið 1783 var hvítasunnudagur. Það var heiðríkur dagur og gott veður. Skyndilega sást mikill mökkur fyrir norðan nálæg fjöll. Svo stór var hann að á stuttum tíma hafði hann breitt sig yfir alla Síðuna og nokkurn hluta af Fljótshverfinu. Þéttur reykurinn var svo mikill að það var eins og nótt væri úti. Úr hrauninu sem rann úr Skaftártungum þennan dag kom kolbikasvart duft sem lá yfir öllu landinu. Þennan dag fór ég líkt og aðrir prestar að flytja gleðierindi eins og venja er á hvítasunnudag en sú gleði breyttist fljótt í sorg. Um nóttina voru miklir jarðskjálftar sem héldu vöku fyrir fólkinu hér í sveitinni.

⁵ Að gera strangar kröfur til einhvers. Í þessu tilfelli þótti fólki maturinn ekki nógu góður.

⁶ Ljós fyrirbrigði í sjó sem stafar af agnarsmáum lífverum. Fyrirbrigðið er ekki algengt við Íslandsstrendur.

9. júní var heiðríkur dagur hér í sveit. Gosmökkurinn stækkaði og stækkaði og um kvöldið var Skaftá orðin 70 faðmar⁷ á breidd.

10. júní rigndi mikið en rigningin sem kemur í slíkum aðstæðum, er ekki venjuleg rigning! Nei, þessi rigning brenndi göt á njólablöðin og kindurnar fengu brunasár á bakið af henni. Mér sveið svo svakalega í augun af henni að ég get vart lýst því með orðum. Á þessum tímapunkti var fljótið orðið enn breiðara.

11. júní Öskufall úr austri lagðist yfir haga og eyðilagði þá. Öskufallið varð meira og dýpra í útheiðum og Skaftártungunni, en lá hér í allt að fimm daga á eftir.

12. júní var heiðríkur dagur með sunnanvindi. Nú dró til tíðinda. Hraunið var farið að flæða úr Skaftárglúfri. Því fylgdu rosaleg læti. Þegar hraunið hafði runnið svolítið fram fór það að renna ofan í vatnið og þá voru lætin eins og þegar skotið er úr mörgum fallbyssum í einu. Nú fylgdi hraunið árfarveginum.

13. júní var enn heiðríkt en vindáttin orðin suðvestan. Lætin héldu áfram og miklir jarðskjálftar voru. Þannig var það áfram næstu þrjár vikurnar. Gosmökkurinn var nú orðinn sjáanlegur um allt land. Í þau fáu skipti sem sólin sást virtist hún vera eins og rauður eldhöttur og tunglið var eins og blóðdropi á himninum og geislarnir sem komu af þeim voru í sama lit.

14. júní var logn. Lognið olli því að hér fylltist allt af ösku. Einnig fór að bera einhverju sem var eins og hár. Þau voru svört og glansandi. Stærðin á þeim var eins og selshár. Þessi hár eru kölluð **nornahár**⁸. Það var svo mikið af þeim að það var eins og heilu túnin mynduðust. Um kvöldið kom regn úr mökknun. Regnið olli því að fólk var farið að eiga erfitt með andardrátt. Allir farfuglarnir höfðu flúið á aðrar slóðir enda ekki mjög lífvænlegt hér fyrir dýr. Eggin sem þeir voru búnir að verpa og skildu eftir voru orðin óæt vegna brennisteinsbragðs. Fiskar fundust dauðir í vötnum. Járn ryðgaði. Allt timbur varð litlaust. Tilveran varð ömurlegri með hverjum deginum sem leið. Um miðjan júní er gras í mikilli sprettu og sveitir landsins verða blómlegri, en hér í sveit fór það að fölna og falla. Menn gengu um túnin og reyndu að hrista öskuna af grösunum svo að skepnurnar þeirra gætu étið eitthvað, en það var til lítils. Sumir áttu gamalt hey sem þeir gátu gefið skepnunum en það kláraðist fljótt. Skepnurnar urðu horaðri. Kindur og kýr hættu að gefa af sér mjólk. Menn tóku til þess ráðs að slátra sauðfé sínu áður en það horaðist alveg niður svo það væri hægt að hafa einhvern mat af þeim. Hestarnir björguðu sér þó merkilega vel.

Gosið óx; önnur vikan

Jarðeldurinn hélt áfram. Dag eftir dag jókst eldurinn en askan eyðilagði haga bænda hér víða um sveitir. Bújarðir sem búið hafði verið á í hundruðir ára urðu illa útleiknar eftir

⁷ Gömul mælieining, þrjár álnir (167 cm). Lengdin á milli fingurgóma tveggja útrétta arma í axlarhæð.

⁸ Örmjóir glerkenndir þræðir sem myndast í eldgosum.

að fá yfir sig þvílík ósköp af ösku. Fólk var farið að velta fyrir sér hvort nokkuð vit væri að búa hér áfram. Þrír bændur úr Morðtungu tóku sig til og fóru að kanna aðstæður, gengu þeir því upp á fjall í grenndinni til þess að sjá hraunið. Þar sáu þeir að það gaus upp af tuttugu og tveimur stöðum. Við þessar fréttir fór fólk að óttast að hraunið gæti farið yfir fjöllin, í sveitina til sín og myndi eyðileggja bæina.

Þann 16. júní var rólegt veður. Ég fór að Skál til að kanna stöðuna á kirkjunni þar. Þaðan sá ég dökkrautt hraun skvettast til og frá handan fjallanna. Þar kom ég að gömlum hraunbreiðum þar sem nýi eldurinn var farinn að renna. Ég, ásamt tveimur mönnum sem ég hitti fyrir, ákvað að prófa að setja grátt grjót í rennandi hraunið til að athuga hvort það myndi bráðna en það bráðnaði ekki. Það sviðnaði upp og varð að **vikri**⁹. Þessa tilraun notaði ég til að hughreysta fólk. Ég sagði þeim að það væri svo mikið af grjóti sem hraunið yrði að brenna upp og gera að vikri áður en að það kæmi hingað að það væri næstum ómögulegt. Með tímanum kom í ljós að ég hafði rétt fyrir mér. 17. júní var lítill vindur en krafturinn í gosinu var hinsvegar mikill. Eldtungurnar sáuust úr órafjarlægð.

Fyrr um vorið voru tveir menn sem byrjuðu að búa saman. Þeir höfðu áður búið á flottum og virðulegum býlum en margir höfðu þá grunaða um að vera aðeins meira en bara vinir. En hann, sem sér yfir allra manna verk, vissi að sér líkaði ekki þessi sambúð svo hann lét eldinn ljúka þeirra sambýli.

18. júní var logn. Nú var Skaftárgljúfur orðið fullt. Jarðskjálftarnir fóru aftur á fullt og brakaði mikið í öllum húsum í hvert skipti sem jörð skalf. Bóndinn á bænum næst gljúfrinu, Skaftárdal, bað mig um að hjálpa sér að flýja með búfénaðinn sinn vegna þess að hann taldi ekki lengur öruggt að búa þar. Þar sem við erum miklir vinir taldi ég það sjálfsagt mál að hjálpa honum; svo ég safnaði saman mönnum til þess að aðstoða okkur. Við gengum saman erfiða leið því slóðinn sem áður hafði verið farinn var orðinn ófær með öllu vegna hrauns og ösku. Við fluttum hann svo ásamt öllu hans fólki og nautgripum. Eins miklu var komið fyrir á baki hesta og mögulegt var og héldum svo af stað heim til mín þar sem hann fékk að búa næstu 5 vikurnar.

Ég fór ásamt samferðamönnum mínum út að gljúfrinu til þess að skoða hraunelginn. Krafturinn á hrauninu var eins og stórflyót í **vorleysingum**¹⁰. Í rennslinu voru svo risastórir klettir sem veltust um. Þeir minntu helst á hvali að stökkva upp úr sjónum, nema þarna var sjórinn rauðglóandi hraun. Þegar klettarnir rákust saman fór af stað svo

⁹ Gosmöl úr frauðkenndum, glerkenndum molum sem falla storknaðir til jarðar.

¹⁰ Þegar snjórinn bráðnar í fjöllum og heiðum og vatnið rennur niður í byggðir. Ár eru þá kraftmeiri en alla jafna.

mikið neistaflug að við vorum farnir að verða hræddir um að fá eitthvað af því í okkur. Þar sem hraunið komst í snertingu við vatn kviknaði mikill eldur sem olli því að miklir gufustrókar stigu upp til himins og lyktin, maður minn góður, lyktin, hún var hrikalega vond.

Þann 19. júní var lítill vindur en hann kom að sunnan. Sunnanáttin er okkur hagstæðust því þá fer mökkurinn upp til fjalla í stað þess að koma til byggða. Nú var hraunið búið að finna sér eina meginleið sem lá til suðurs og stefndi það á Meðallandið en þar stóð bærinn Hólmar. Fyrir sunnan hann var kirkjustaðurinn Hólmasel ásamt fleiri bæjum.

Næstu daga var veðrið svipað svo mökkurinn hélt áfram að leita til jökla. Að fimm dögum liðnum hafði hraunið náð að Hólumum og fleiri bæjum í Meðallandinu og þar með lagt þá í eyði. Þann 22. júní brann hin nýbyggða Hólmakirkja niður. Með henni eyðilögðust allir innviðir, biblíur og málverk.

Bóndinn í Botnum hafði síðustu árin fyrir jarðeldinn byggt upp stóran fjárstofn. Hann tapaði honum svo á einu bretti þegar hann hafði smalað dýrunum upp í hólma í fljótinu þegar hann var að flýja, en þá rann hraunið svo hratt yfir að það náði öllu fénu svo ekki var svo mikið sem hár eftir af þeim. Hvað aflast fljótt, eyðist á stundum og svo fljótt.

Áhrif gossins; þriðja vika

Nú vík ég sögu minni frá Meðallandinu til Síðunnar. Eftir því sem hraunrennslið náði neðar kvíslaðist það og fór víðar um. Því þynnra sem það varð, því hraðar kólnaði það. Þegar þetta gerðist staflaðist hraun upp á sjálft sig. Þá mynduðust einhvers konar stíflur sem urðu til þess að hraunið fór enn víðar. Vegna þess hve víða hraunið hafði farið fóru að myndast vatnsstíflur sem höfðu þau áhrif að fólk varð að yfirgefa heimili sín því það var allt að fyllast af vatni. Á Múlum flúðu íbúarnir í brekku fyrir ofan húsið sitt og bjuggu þar í tjöldum. Múlar var einnig kirkjustaður og þau höfðu frétt hvernig fór fyrir kirkjunni í Hólmaseli svo þau tóku með sér öll verðmæti úr kirkjunni, **kirkjuklukkuna**¹¹, **prestsskrúðann**¹² og biblíurnar. Það rigndi svo mikið að þau settu kýrnar aftur inn í fjósið. Þau hefðu betur sleppt því, vegna þess að vatnið óx og óx og bændurnir urðu að rífa fjósið niður til að ná kúnum út til sín þar sem þau hýrðu í tjöldum. Næstu dagar voru tíðindalitlir og vindátt hagstæð okkur Síðumönnum.

Síðastliðna viku hefur fallið meira af ösku, nornahárum og eitruðu regni en hafði komið fyrstu tvær vikurnar. Sauðféð fór að líta verr og verr út með hverjum degi. Ullin varð gul og fætarnir urðu sárir. Allt vatn varð ljósblátt og hlýrra en eðlilegt þykir. Allt gras

¹¹ Bjallan sem hringir í kirkjuturnum

¹² Fötin sem prestar eru í þegar þeir prédika.

og plöntur byrjuðu að **rýrna**¹³ og missa lit sinn. Lyktin í loftinu var beisk og **ýldukennd**¹⁴. Lungnaveikir áttu erfitt með andardrátt og lítið sem ekkert sást til sólar. Það var í raun mesta furða að fólkið skyldi enn vera á lífi. En það var eins og guð hafi séð hvað við vorum illa búin fyrir þetta. Vegna þess hve góður hann er þá batnaði allt í einu loftið og gróðurinn tók við sér.

Tíminn leið; gosið hélt áfram

29. *júní* var veður þykkt og vindur að vestan. Nú tók gosið aftur við sér. Allt á milli Skaftártungunnar og Árfjalls logaði. Hraunið rann fram og náði nokkrum bæjum.

30. *júní* var blítt veður. Jarðskjálftar hrelltu íbúa og hraunelgurinn skiptist í þrjár kvíslir frá gljúfrinu. Leiðir þeirra og hvað varð um það sem fyrir þeim varð næstu vikuna verður skýrt hér í framhaldi.

1. *júlí* Efsta kvíslin fór í gamlan farveg Skaftárinnar, yfir hraun sem var nýlega storknað. Það var sjónarspil sem ég get ekki lýst með orðum. Samt sá ég þetta með berum augum.

2. *júlí* náði hraunið enn annarri kirkjunni, ásamt henni tók það þrjár stórar jarðir í leiðinni.

Ein af þeim var Holtsdælur. Þar var mikið um góð tún sem gáfu vel af heyi ár hvert. Einnig var þar **áningarstaður**¹⁵ ferðalanga. Þar stóðu fallegir **gígar**¹⁶ sem voru grasi vaxnir upp í topp en þeir voru þó holir að innan. Einn af þeim var notaður sem rétt og þar komust fyrir um 300 kindur. Þetta fagra svæði fór allt undir hraun á þessari viku. Hraunið flæddi um ofan- og neðanjarðar, sprakk upp og tætti landið í sig svo að eftir stóðu logar og eyðilegging. Ó! Hvílík ógn það var að horfa á þvílíka reiði guðs. Fólki reyndi að koma sér upp nýjum bústöðum en varð frá að hverfa því reiði guðs dvínaði ekki og hraunelgurinn hélt sínu striki. Ein kona varð þó eftir í húsunum. Hún var ein þar fram til jóla. Þá fór hún niður til mannabyggða því hún hafði þá hjátrú að ekki væri gott að vera ein á þeim tíma og að ýmsar vættir gætu komið og vitjað hennar. Eftir það sneri hún ekki aftur en hún dó um vorið því það var enginn matur til.

9. *júlí* fylltist Síðan af ösku og þann 10. bættist enn við í hana. 11. og 12. var rok og rigning. Rokið feykta öskunni í burt og rigningin kom því sem eftir var niður í jarðveginn svo að nú sáum við aftur í jörðina. Um þetta leyti fréttist af því að ekkert öskufall væri í Meðallandinu svo margir stukku af stað til að flytja sig þangað ásamt **búpeningnum**¹⁷

¹³ Minnka.

¹⁴ Eins og eitthvað sé úldið.

¹⁵ Staður þar sem ferðafólk gerir hlé á ferð sinni og hvílir sig, safnar orku, en þó ekki náttstaður.

¹⁶ Op eða skál í landinu þar sem eldgos hefur komið upp.

¹⁷ Dýrin sem bændur áttu. Oftast kindur, kýr og stundum hestar.

sínum. Það dugði þó skammt því þeim sem guð vill refsa nær hann að refsa. Enginn kemst undan reiði hans.

Landið breyttist

13. júlí fór eldurinn áfram eftir Skaftárfarvegi að Stapafossi sem áður hafði verið hár foss. Áin hafði runnið þar um í árhundruði.

14. júlí Fyrir ofan Stapafoss hélt eldurinn svo áfram í átt að Töluhvammi sem er rétt ofan við Systrastapa sem er rétt fyrir ofan okkur hér á Kirkjubæjarklaustri. Í þennan farveg staflaðist hraunið svo mikið upp að sólin sást ekki þegar hún var hæst á lofti frá Hunkubökkum. Þetta hraun fór yfir nokkra bæi sem ég tel að muni leggjast alfarið í eyði en náði þó aldrei að Hunkubökkum. Þennan dag bættist við ein hraunstraumskvíslin og voru þær því orðnar fjórar. Þegar þessi bættist við komu því lík læti. Þessi læti entust alveg út daginn og fram á þann næsta. Ætla má að ekki hafi nokkur Síðumaður náð að festa svefn hér þessa nótt. Enginn missti þó lífið við þessi ósköp, að minnsta kosti ekki í þessari atrennu. Alla næstu viku sást ekkert til sólar. Himinninn var uppfullur af reykjarmekki og ösku. Sigurður Ólafsson, sá sem hafði yfirumsjón með klaustrinu, sá sér ekki annað fært en að taka helstu verðmætin úr kirkjunni því nú var orðið viðbúið að hún yrði hrauninu að bráð. Holts- og Skálarfólk fór nú að flýja heimili sín. Þann 18. flúðu íbúar Fljótshverfisins einnig. Þau fyrrnefndu náðu ekki að taka skepnur sínar með en Fljótshverfingar náðu að taka búfenað sinn hingað í Síðuna, en þau héldu áfram í Öräfin þar sem þau voru óhult.

Eldmessan

20. júlí var þykkt yfir. Enn gekk á með þrumum og eldingum. Þetta var sunnudagur og allir sveitungar mínir hér í Síðunni mættu til messu, en einnig þeir sem höfðu flúið heimili sín og höfðu aðsetur hér. Allir voru þungir á brún því við vissum öll að þetta væri mögulega síðasta messan sem haldin yrði í þessari kirkju. Öll vissum við af hinum kirkjunum sem hraunið hafði eyðilagt. Við vissum að það væri alveg jafn líklegt að slíkt hið sama gæti hent kirkjuna okkar. Þegar við komum að kirkjunni var loftið heitt og þoka yfir öllu, svo mikil að kirkjan sást varla. Þrumur og eldingar voru í loftinu sem lýstu upp kirkjuna ásamt því að ómaði í kirkjuklukkunum vegna þrumnanna og jarðskjálftar hristu okkur með reglulegu millibili. Í prédikun minni bað ég guð um að hlífa þessari kirkju. Þrátt fyrir allt það sem gekk á var engan ótta að sjá á neinum kirkjugestanna. Enginn sýndi að hann vildi annars staðar vera á meðan ég prédikaði yfir þeim.

Eftir messuna fórum við og könnuðum hve langt hraunið hafði farið fram á þeim tíma sem liðinn var. Okkur reiknaðist til að það væru um 70 faðmar. Holtsá og Fjarðará runnu yfir hraunið og fundu sér nýja farvegi en framan við hraunið var búið að safnast svo mikið vatn að enginn hestur gat farið þar yfir. Við fórum sáttt frá kirkjunni, þakklát guði fyrir að hafa leyft okkur að klára messuna og verndað kirkjuna. Já, guð er góður við okkur í Síðunni því eftir þetta ógnaði hraunið ekki kirkjunni okkar.

21. júlí var blítt veður og sólskin mestallan daginn, eitthvað sem hafði ekki sést í marga daga þar á undan. Gosmökkurinn stefndi í norður svo við vorum frjáls frá honum þann daginn. Frá þessum degi heyrðust aldrei meiri læti frá gosstöðvunum þó svo að rynni úr þeim fram í september.

22. *júlí* var þungskýjað framan af og vestanvindur.
23. *júlí* var sama vindátt.
24. *júlí* var himinninn allur var litaður af eldi og um kvöldið rigndi mikið.
25. *júlí* var sami eldlitur og vestanvindur.
26. *júlí* var spakt veður.
27. *júlí* var suðvestan vindur og mikil rigning.
28. *júlí* var vindur að vestan og rigning með ösku og mikilli ólykt.

Það sem vantar upp á mánuðinn mun ég segja frá síðar, nú mun ég líta til þeirra hraunrennsla sem ég hafði ekki enn sagt frá.

Hinar hraunkvíslarnar

Syðri hraunelgurinn, sem stefndi suður, fór um gamla Skaftárfarveginn og stefndi á Landbrotið en tafðist við að fara yfir hóla og hæðir á leið sinni þangað. Hraunið stefndi á sveitirnar þar fyrir sunnan. Bændur voru farnir að undirbúa flóttu, enda óttuðust þeir að hraunið myndi halda áfram, **granda**¹⁸ heimilum þeirra og renna svo alla leið út í sjóinn. Ef til þess kæmi voru þau búin að ákveða að flýja á Austurland. Ég og klausturhaldarinn ætluðum að vera eftir til þess að fylgjast með framganginum á hrauninu og bjarga því sem bjargað varð. Blessunarlega kom ekki til þessa. Hraunið stoppaði.

Vestasta kvíslin rann í farveg Landárinnar og tók þar strax einn bæ sem hét Botnar og brenndi öll bæjarhúsin. Hélt hraunið svo áfram leið sinni og fór yfir tún og stíflaði ár og tók svo einn bæ til viðbótar. Þann *13. júlí* hélt Sigurður Högnason síðustu messuna sína í Ásakirkju og tók svo öll verðmæti úr henni. Hraunið rann áfram langt fram í september á þessum slóðum. Flytja þurfti allan búfénað því allt vatn hafði gufað upp vegna hitans af hrauninu. Af þessum slóðum sást gosið allt fram til *14. janúar 1784*. Þar fyrir austan voru veður oft svo vond að það mynduðust hvirfilbyljir sem gripu hraun með sér, svo að þar er hægt að finna hraunslettur sem féllu á jörðina. Sumar eru lengjur en enn aðrar hafa fallið eins og kúamykja. Svo eru líka smærri slettur sem hafa sundrast niður í litla mola og dreifst víða.

Bárður Vigfússon sagði mér frá því að hann hafi verið að fara með verðmæti sín í kistli upp á hæð, til þess að vernda þau, en hvirfilbylurinn greip kistilinn og þeytti honum í burt. Allt innan í honum skemmdist. Bækurnar höfðu rifnað, fötin fundust á víð og dreif og lítinn kistil með peningum fann hann lengst í burtu, en hann var þó heill.

Eldur í Síðu

¹⁸ Eyðileggja.

Víkur nú sögunni aftur að Síðu.

29. *júlí* var veðrið rólegt. Nú var farið að heyrast úr Kaldbaknum. Þau hljóð voru alveg jafn mikil og hljóðin sem bárust úr vestri hér áður. Þessu fylgdi gosmökkur sem dreifði ösku hér austarlega í síðunni.

30. *júlí* var veður hér gott. Lætin héldu áfram.

31. *júlí* færðist hraunstraumurinn og mökkurinn í Hverfajótsgljúfur, sem er svipað að stærð og Skaftárgljúfur. Þennan dag átti ég leið þarna hjá til að sinna dauðvona manni.

4. *ágúst* var fljótið orðið það vatnslítið að ég, ásamt fleirum, gat vaðið það og veiddum við þar 26 seli.

7. *ágúst* sást fyrst í hraun renna úr Hverfisfljótsgljúfri.

8.og 9. *ágúst* rann straumurinn áfram meðfram Síðunni í átt að Orustuhóli en hraunið eyddi honum. Hélt hraunið áfram til 14. *ágúst*. Þá stansaði það eftir að hafa brennt tvo bæi.

Vont en það venst

Nú var svo komið að eldur logaði bæði austan- og vestanmegin við Síðuna. Af þessum sökum var oft allt fullt af reyk og loftið ógeðslegt. Merkilegt fannst mér þó að lyktin var breytileg eftir því úr hvað eldi hún kom. Úr vestari gjánni var lyktin beisk eins og af **keytu**¹⁹. Úr eystri gjánni var lyktin eins og af blautum eða brenndum arfa. Þegar þessum lyktum sló svo saman var næstum ólíft hér á slóðum. Á þeim dögum sem mökkurinn fór sem hæst sást ekkert í norðurátt. Þegar mökkunum sló saman brast á steypiregn með úldnu vatni, þrumum og eldingum. Þetta allt átti sér stað þó að heiðríkt veður væri allt í kring.

Þegar eldgosíð var orðið hversdagslegt hvarf kvíðinn yfir eldglæringunum sem skutust fram hjá höfði manns. Þá fylltist ég sannfæringu um að ég hefði gert rétt með því að vera hér áfram eftir að allir flúðu.

Kálfafellskirkja

10.-17. *ágúst* var veðrið gott og gosið hélt áfram að krauma. Mér hafði verið falið að sækja verðmætin sem höfðu orðið eftir í Kálfafellskirkju en gafst ekki tækifæri til þess fyrr en 14. *ágúst*. Þá var sunnanátt og mökkurinn fór því allur í norður. Ég lagði því af stað austur yfir heiðarnar til að sjá hvort það væri fært að Kálfafelli. Þegar á heiðarnar kom sá ég að þar var með öllu ófært, svo ég varð að játa mig sigraðan. Í þessari ferð sá ég að Dalirnir voru allir brunnir.

17.-23. *ágúst* fór hraunið hægt yfir. Ég ákvað að nýta tækifærið til þess að reyna aftur að komast að Kálfafellskirkju. Ég lagði af stað 20. *ágúst*, en af þeim fáu sem eftir voru

¹⁹ Áður en að sápa varð aðgengileg hér á landi notaði fólk piss úr húsdýrum til þess að þrifa sig og umhverfi sitt.

í sveitinni náði ég ekki að sannfæra neinn um að koma með mér nema ungan dreng frá Hörgslandi. Í þessari atrennu tókst mér að komast að kirkjunni og náði í öll verðmæti sem lágu þar eftir. Heimleiðin gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig. Við urðum að vaða djúpt vatn en komumst ekki á leiðarenda fyrr en langt var liðið á nóttina. Eftir þetta fór enginn þessa leið.

Frá 23.- 31. ágúst var allt nokkuð samt við sig nema að gosið úr austari gjánni varð öllu kröftugra.

Fnykurinn

Þann 1. september fór hraun aftur að renna úr eystri gjánni. Hraunið grandaði tveimur bæjum ásamt tünnum á fleiri bæjum.

10. og 11. september opnaðist ný sprunga í gjánni og þar byrjaði að vella upp úr. Þessu fylgdi hrikalegur fnykur. Þær fáu skepnur sem eftir voru fengu sig ekki til þess að bíta gras í þessari stybbu.

14. september var austanvindur og mikið öskufall.

Hvenær sem sást til sólar eða tungls frá því að gosið hófst virtist vera blóðrauður himinn. Aldrei sást regnbogi fyrr en hann birtist okkur að morgni 21. september er við gengum til messu. Bogi þessi fyllti okkur vonarneista, enda hafa sumir kallað hann friðarsáttmála drottins. Guð vildi ekki granda okkur. Þessi von varð að veruleika. Það voru ekki fleiri sem misstu lífið vegna hrauns eða vatnavaxta. Eftir þetta áttu eftir að koma tvær stórar gusur en enginn missti lífið við þær.

Allt fram til 26. september var engin hreyfing á hrauni. Að kvöldi þess dags birtist eldglampi að fjallabaki, að því er virtist úr vestari gjánni.

Þann 26. september komu miklir jarðskjálftar. Þeim fylgdi aukin virkni í jarðeldnum sem hélst til 24. október. Þann dag fór enn og aftur að finnast þessi stybba.

25. október í norðri byrjaði að gjósa af miklum krafti. Hélt það áfram í 5 daga samfleytt. Gos þetta fyllti upp í gjána á milli Eiríksfells og Miklafells. Hraunið hélt svo áfram í vesturátt og fyllti upp í dal sem þar lá. Þetta var síðasta hraunspýjan sem rann hér um sveitina. Guð hafði því verndað Síðuna eins og ég hafði vonast eftir.

Gosið dvínar

Allan nóvember kraumaði á eldstöðvunum. Það var lítið um sandfok og öskufall samt sem áður. Inni á milli kom mikið vatnsveður og sandfok, en lítið var um jarðskjálfta. Í byrjun desember fór gosið að rýrna. Við hættum að sjá eld á eldstöðvunum en það glóði þó enn í öllu hrauni sem runnið hafði fram. Sólin og tunglið fóru aftur að sýna sinn rétta lit nema akkúrat í mekkinum.

Nú var árið 1784 gengið í garð. Veður var milt og stillt og því myndaðist mikil hálka. Vonda lyktin fannst oft út það ár í réttum veðurskilyrðum. Það sást enn glitta í eld í austustu gjánni. Frá 7. febrúar sást ekki annar eldur en sá, það sem eftir lifði vetrar.

Eftirmálar; Búskapurinn

Eftir að gosinu lauk var allt það land sem nýtt var til berjatekju og fjallagrasatínslu ónýtt. Annað hvort var það komið undir hraun eða var þakið ösku.

Ég hef aðeins minnst á búfénaðinn í riti þessu en nú ætla ég aðeins að fara yfir hvernig fór fyrir honum á meðan gosinu stóð og í framhaldi af því. Þegar eldurinn kom upp

tvístraðist mikið af fénu og fór sínar leiðir, enda voru eigendur þess uppteknari við að halda sér á lífi en að smala fé. Féð fór í Meðalland, Álftaver og Skaftártungu. Sumt varð eldinum að bráð og annað hraktist út á haf. 13 kindur héldu lífi á gömlu heyi í Hörgrlandskoti. Engin leið er að segja með vissu hve mikið fé féll hér á meðan þessum ósköpum stóð en sú tala hleypur á hundruðum. Margir slátruðu sínum kindum, sérstaklega þegar líða tók á sumarið. Það var orðið útséð um að ekki væri hægt að ná neinum heyjum sökum gossins.

Um 20 kým lifðu hér á meðan gosinu stóð en þær urðu aldrei samar og voru flestar látnar fara árinu seinna. Af hestum er það að segja að þónokkrir lifðu hér. Þeir voru þó það veikburða að ekki var skynsamt að fara á bak á þeim. Þann 9. nóvember dattu 20 hestar niður dauðir. Fólk var meira að segja á baki á einhverjum þeirra, þegar þeir örmögndust, en þau voru á leið til kirkju.

Sérstakt þótti þó að hér hefur hvorki fyrr né síðar verið mikill laxagangur en guð lagði okkur þá fæðu í hendur. Skaftárósinn var fullur af laxi þetta sumarið. Þegar fólk ætlaði að leggja sér kjöt af þeim skepnum sem höfðu mengast af eldinum til munns, varð það fársjúkt. Áhrifin af þessu fundust alla leið til Suðurnesja.

Eftirmálar; Byggðin

Frá því að gosið byrjaði til áramótanna 1784 voru ekki margir sem dóu úr eitrun frá gosinu en eftir áramótin stórjókst það. Það var svo mikil snjócoma að ekki gafst færi á að koma líkunum til kirkju, sérstaklega þegar engir hestar voru orðnir eftir til þess að bera líkin. Ég keypti þó einn hest um haustið sem lifði af furðu margt og flutti fyrir mig mörg lík. Hann lifði allan veturinn á heyi prestsins. Fólk furðaði sig á þróttinum í hestinum en ég get engu þakkað nema drottni sjálfum. Af þeim 76 sem dóu í minni sókn var enginn grafinn kistulaus. Þó fór það stundum svo að 6 voru grafnir saman í eina gröf. Allt upp í 10 lík voru saman í gröf, en það gerðist vegna þess að okkur reyndist erfitt að grafa grafir.

Af þeim 85 bændum sem voru hér í sveitinni fyrir ósköpin voru 21 eftir og af þeim 613 manneskjum sem hér voru urðu 93 eftir.

Eftirmálar; Samfélagið

Það voru fjórir bændur hér sem voru svo ríkir að þeir höfðu matarbirgðir til næstu þriggja ára. Þeir áttu nægan pening til þess að kaupa sér fleiri skepnur ef þess þurfti. Það var eins með þá og er með fjárpúka flesta að þeir voru ekki til í að deila með öðrum, jafnvel þó svo að það fólk væri að deyja úr hungri og eitrunum. Svo voru aðrir hér í kring sem gerðu allt sem þeir gátu til þess að hjálpa fólki svo mikið að þeir sjálfir voru farnir að líða fyrir það.

Fólk sauð skinn og **reiðtygi**²⁰ og lét það sér það nægja sem máltíð, svo mikill var skorturinn. Sumir tóku sér **töðu**²¹ og söxuðu hana smátt, blönduðu saman við **mjöl**²² og úr þessu gerði fólk bæði grauta og brauð. Öll fiskibein og þessháttar, bæði sem fundust heima og í fjörunni, voru tekin heim, þrifin og soðin. Fólk bruddi á þessu. Sumir gengu svo langt að éta hrossakjöt en þeir dóu flestir. Aðrir vildu heldur deyja en að leggja sér það til munns.

Þegar vora tók og grös fóru að vaxa gróf fólk í jörðina eftir rótum til þess að borða. Bestu ræturnar voru kúmenrætur en það var mikið af þeim hér á klaustrinu. Fíflar voru saxaðir og nýttir í grauta. Þari var einnig nýttur en hann er mjög næringarríkur. Öllum þessum mat hefði þetta sama fólk fúlgað við fyrir gosið, en nú var ekki annarra kosta völ. Með þessu sýndi guð mátt sinn.

Ýmis grös og rætur voru einnig vel nothæfar til að lækna ýmsar pestir og til að hreinsa loftið. Þessi meðöl hefur guð gefið okkur en við ekki kunnað nógu vel að meta fyrr en neyðin var sem mest. Við höfum lært margt til þess að bregðast við plágu líkt og þeirri sem reið hér yfir. Vonandi þurfum við samt ekki að nýta okkur þann lærdóm í bráð.

Samfélagið grær

Konungurinn samþykkti að veita svokölluðu „eldbrunafólki“ fjárstyrk sem gæti nýst til kaupa á búfénaði. Þetta voru ekki háar fjárhæðir en vissulega betra en ekkert. Eldgosið hafði haft slæm áhrif og um land allt hækkaði verð á öllum búfénaði. Guð sá neyð okkar og það strandaði skip í Meðallandinu sumarið 1784. Þar var að finna þónokkurt mjöl, **hamp**²³ og járn. Þetta kom að mjög góðum notum á meðan allra erfiðasta tíðin gekk yfir. Þar sem enn lifði grasrót var prýðileg spretta. Það vill nefnilega svo heppilega til að aska er fínasti áburður. Við náðum því í nóg hey fyrir þær fáu skepnur sem eftir voru.

Þær góðu afleiðingar sem urðu af þessu gosi og eftirköstum þess voru margar þó að fleira hafi verið slæmt. Ég hef minnst á sitthvað hér í þessu riti. Ég vil þó leggja áherslu á nokkra þætti hér að lokum. Fyrst vil ég þakka guði fyrir að þetta hafi ekki verið farsótt, heldur fengum við smávægilegan fyrirvara á þessu, svo að fólk gat flúið áður en að hraunið náði hífýlum þeirra. Mun fleiri hefðu misst lífið hefði svo verið. Einnig vil ég lofa drottinn fyrir það að þetta gekk jafnt yfir fátæka og þá sem ríkir voru.

Bestu löndin fóru undir hraunið. Það álít ég vera gott því það lækkaði drambið í þeim efnamiklu.

²⁰ Áhöld notuð til útreiða eins og t.d. beisli, taumur eða hnakkur.

²¹ Hey af ræktuðu túni.

²² Mulna kornvöru t.d. hveiti.

²³ Sterkar jurtatrefjar notaðar í kaðla o.fl.